

Norðurlöndin standa saman í baráttunni gegn hryðjuverkum

Upp á síðkastið hafa hryðjuverkaárásir orðið æ tíðari og hafa stöðugt færst nær. Nú er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að við Norðurlandabúar stöndum saman í baráttunni gegn þessum öfgakenndu ofbeldisverkum.

Margar evrópskar borgir hafa orðið fyrir barðinu á hryðjuverkaárásum. Norðurlöndin hafa ekki farið varhluta af þessum grimmdarlegu og tilgangslausu niðingsverkum; það síðasta var í Stokkhólmi 7. apríl sl., þegar maður ók vörubifreið inn í mannþröng og varð 5 manns að bana.

Það er mikilvægara en nokkru sinni áður að við á Norðurlöndum sameinumst gegn hryðjuverkastarfsemi. Við verðum að taka alvarlega hótunina um róttækni og öfgar. Til þess að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi er það grundvallaratriði að koma í veg fyrir að öfgafull róttækni geti þróast á þann veg að einhverjir verði viljugir og færir um að fremja hryðjuverkaárásir.

Forvarnir eru grundvallaratriði til þess að unnt sé að tryggja grunnréttindi eins og lýðræði, mannréttindi og öryggi. Komið hefur verið upp norrænu neti á þesu sviði. Markmiðið er meðal annars að tryggja virk upplýsingaskipti milli norrænu landanna varðandi varnir gagnvart öfgakenndum ofbeldisverkum. Sameiginlegur samstarfssamningur milli Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands var undirritaður árið 2015.

Við þurfum líka að hugsa eftir nýjum brautum og með meiri yfirsýn til þess að koma í veg fyrir hryðjuverkastarfsemi á Norðurlöndunum. Fyrr á árinu komu borgarstjórar frá 12 norrænum borgum saman til fundar ásamt sérfræðingum og fulltrúum borgarasamtaka í því skyni að hleypa af stokkunum netkerfinu „Nordic Safe Cities“. Hér hafa rúmlega 20 stórborgir á Norðurlöndum borið saman bækur sínar til þess að skiptast á reynslu og þróa ný frumkvæðisverkefni til þess að berjast gegn róttækni og öfgakenndum ofbeldisverkum. Þetta verkefni, sem er fjármagnað samkvæmt rammaáætlun Norrænu Ráðherranefndarinnar um lýðræði, meðfylgni og öryggi, er sönnun fyrir norrænu samstöðunni, sem við ætlum að byggja á og þróa í því skyni að tryggja samfélög okkar.

Í baráttunni við hryðjuverkastarfsemina þurfum við einnig að vera raunhæf. Nauðsynlegt er að lögreglan og öryggissveitir á Norðurlöndunum búi yfir þeim verkfærum sem eru þeim nauðsynleg við framkvæmd daglegra starfa til þess að fyrirbyggja og afstýra hryðjuverkaárásum.

Mikilvægt atriði á baráttunni við hryðjuverkastarfsemi á Norðurlöndum er samvinna. Skömmu eftir árásina í Stokkhólmi voru norrænu stjórnvöldin komin á fullan skrið við samhæfingu. Lögreglan og öryggissveitir okkar voru og eru í stöðugum samskiptum sín á milli.

Við störfum einnig saman að því er snertir vísindarannsóknir á öfgaviðhorfum og hryðjuverkabaráttunni. Í apríl á þessu ári skipulagði Háskólinn í Gautaborg fyrstu norrænu vísindarannsóknarráðstefnuna um öfgakennd ofbeldisverk, þar sem 166

vísindarannsakendur og sérfræðingar komu saman til fundar frá Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi.

Á fundi norrænu dómsmálaráðherranna í Harstad á þriðjudaginn voru sameiginleg framlög í baráttunni við hryðjuverkastarfsemi eitt helsta umræðuefni fundarins. Við búum við traust samstarf, og við göngumst við því, að hótunum dagsins verður í langtum meiri mæli en áður að mæta með sameiginlegum lausnum.

Baráttan gegn hryðjuverkastarfsemi er jafnframt áskorun á okkur sem samfélög. Við verðum að standa þétt og sterk saman, og aldrei gefa upp á bátinn lýðræðið, frelsið og meginreglurnar sem réttarríki okkar grundvallast á. Það er unnt að fyrirbyggja hryðjuverkastarfsemi og berjast gegn henni, við megum ekki hætta að trúa því. En við þurfum að gera það í sameiningu.